



Skýrsla Suðurlandsdeildar 2018-2019



Stjórn Suðurlandsdeildar SLFI starfsárið 2018-2019

Tv. Elínborg Telma Ágústsdóttir, Kolbrún Ásta Jónsdóttir, Margrét Auður Óskarsdóttir, Kristín Laxdal Guðmundsdóttir, Guðbjörg Sigrún Stefánsdóttir og Helga Sigríður Sveinsdóttir



Ágætu sjúkraliðar!

Síðasta starfsár hefur gengið líkt og undanfarin ár. Félagssvæðið nær frá Þorlákshöfn að Höfn í Hornafirði. Vegalengdir eru því langar og er Kirkjubæjarklaustur og Höfn finnanlega langt að sækja.

Aðalfundur Suðurlandsdeildar var haldinn 1. nóvember 2018 í Skyrgerðinni í Hveragerði. Góður fundarsalur og gott andrúmsloft. Margrét Auður Óskarsdóttir var kosin fundarstjóri. Þær breytingar urðu á stjórn að Aldís Þórunn Bjarnadóttir hætti og ungliðinn Elínborg Telma Ágústsdóttir kom ný inn í stjórn. Guðbjörg S. Stefánsdóttir gaf kost á sér áfram og var kosin. Það fyrirkomulag hefur gefist vel að kjósa vinnustað í skemmtinefnd og er heilsugæslan á HSU kosin næsta ár. Í kjörstjórn gáfu allir kost á sér áfram og fengu kosningu, eða þær Þóra Bjarney Jónsdóttir, Guðbjörg S. Stefánsdóttir og Ólavía Eyrún Sigurðardóttir. Skoðunarmenn reikninga voru kosnir áfram, þær Guðrún Ágústsdóttir og Ragnheiður Jónsdóttir. Á fulltrúafing SLFI eru kosnar þær Helga S. Sveinsdóttir og Margrét Auður Óskarsdóttir með 134 félagsmenn á bak við sig. Gestur fundarins var Guðrún Elín Björnsdóttir formaður Norðurlandsdeildar vestri. Eftir léttan kvöldverð flutti Kristín Linda sálfræðingur hjá Huglind bráðskemmtilegt og fjörugt fræðsluerindi um líðan okkar og vinnustaðamenningu, streitu, tímastjórnun og fleira.

Evrópudagurinn 26. nóvember var haldinn hátíðlegur víðsvegar á vinnustöðum. Sjúkraliðar höfðu verið hvattir til að minna á sig og t.d. bjóða vinnufélögum á sinni starfsstöð í kaffi. HSU er stæsti vinnustaður sjúkraliða á Suðurlandi, þar var boðið upp á vöflukaffi fyrir alla á notalegu kaffihúsi sem var sett upp þar. Skemmtileg tilbreyting sem alltaf nýtur vinsælda.

Formaður sótti þrjá félagsstjórnarfundi á árinu. Einnig tvo fundi með trúnaðarráði þar sem allir trúnaðarmenn á landinu komu saman, bæði í febrúar og október. Þetta árið féll niður fundur með trúnaðarmönnum sem alla jafnan er haldinn í mars þar sem svo skammt var liðið frá fundinum í febrúar. Kjarasamningar voru lausir á árinu og haft í bakhöndinni að kalla á trúnaðarmenn ef koma



Þyrfti á framfæri mikilvægum upplýsingum. Þegar þetta er ritað er ekki búið að semja og allt óvíst enn.

Fræðslunet Suðurlands heldur námskeið á haust-og vorönn fyrir sjúkraliða. Gott samstarf er milli deildarinnar og Fræðslunetsins. Að venju er okkur boðið á hátíðarfund Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands í janúar. Fóru tvær og fylgdust með Guðna forseta veita nýjum styrkþegum styrk.

Engir nýjir sjúkraliðar útskrifuðust á þessu starfsári en búast má við að góður hópur útskrifist í desember.

1. maí hátíðarhöldin voru skemmtileg. Kröfuganga eftir Austurveginum að Hótel Selfoss með Sleipnismenn ríðandi á undan lúðrasveitinni. Þar voru veitingar í boði verkalyðshreyfinganna á Suðurlandi, ræður fluttar auk skemmtiatriða.

Haustferð Reykjavíkurdeildarinnar inn í Þórsmörk var farin í ágúst síðastliðinn. Nokkrar deildar fengu að fljóta með líkt og áður, það er Suðurlandsdeildin, Vesturlandsdeildin, Suðurnesjadeildin og komu að auki nokkrar frá Vestmannaeyjadeildinni og slógust í hópinn á Hvolsvelli. Var þetta frábær ferð með uppákomum eins og að festa sig í Krossá og fleiru skemmtilegu.

Í fjáröflunarskyni sá félagið um þrif á orlofshúsum í Reykjavík. Nokkrar fóru og tóku vorhreingerninguna bæði í íbúðinni í Fellsmúla og Safamýri. Einnig var íbúðin í Safamýri þrifuð í haust. Þessi peningur leggst inn á reikning deildarinnar og verður nýttur á afmælisárinu.

Á stjórnarfundum hefur formaður reynt að miðla til stjórnar því sem rætt er á félagsstjórnarfundum. Eins hefur verið skipulögð afmælisferð og varð fyrir valinu að fara til Hollands og skoða Alsheimerþorpið Hogeweyk í Amsterdam. Til að halda utan um verkefnið var á síðasta aðalfundi kosin Aldís Þórunn Bjarnadóttir. Hún hefur séð um allar pantanir á flugi og hóteli og höfum við getað nýtt þrifasjóðinn til að borga staðfestingargjöld fyrir 26 manns. Þegar þetta er ritað eru fimm sæti laus í ferðina en biðlisti af sjúkraliðum úr öðrum deildum sem gefin verður kost á sætum.



Ég vil þakka öllum fyrir vinnu þeirra í þágu deildarinnar. Það þarf að skapa skemmtilega umgjörð um störf deildarinnar til að fólk fái til að leggja sitt að mörkum. Ef við eflum stéttarvitund sjúkraliða er framtíðin björt. Gott er að leita til skrifstofunnar á Grensásveginum og hvet ég fólk til þess ef það hefur spurningar.

Vonandi fer að koma mynd á nýja kjarasamninga og verður tilhlökkunarefni ef stytting vinnuvikunnar kemst í gegn. Þá er það nýtt starfsár sem er jafnframt fertugusta starfsár deildarinnar og hlakka ég til þess að fagna því og taka þátt í ýmsum verkefnum því tengdu.

15. nóvember 2019.
Helga S. Sveinsdóttir
Formaður Suðurlandsdeildar



Evrópudagurinn

26. nóvember



1. maí 2019 á Hótel Selfossi